

## 27. fundur hverfisnefndar Síðuhverfis haldinn í Síðuskóla 24. september 2007.

**Mættir: Aðalheiður, Arne, Elías, Guðbjörg og Gunnar**

### Dagskrá fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Sparkvöllur
3. Gangbrautir
4. Fundur með umhverfisnefnd
5. Rauði róló
6. Hraðamælingar
7. Önnur mál

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundurinn settur og fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

### 2. Sparkvöllur.

Nefndin lýsir yfir ánægju með að framkvæmdir við völinn séu hafnar.

### 3-4. Fundur með umhverfisnefnd og gangbrautir.

Gunnar Þór Gunnarsson var fulltrúi nefndarinnar á fundinum.

Skýrsla frá fundi með umhverfisnefnd Akureyrar 23/8 sl.

- **Sparkvöllur:** Farið í framkvæmdir í haust.
- **Rauði róló:** Lýsing sett í haust. Engar rúður hafa verið brotnar en umhverfisnefnd skoðar völinn á hverjum degi og það er þó nokkuð um glerbrot og sóðaskap.
- **Betur merktar gagnbrautir og 30 km hraða hámark:** Sýnt kort með fyrirhuguðum hraðahindrunum og 30 km hverfi er á 4 ára áætlun.
- **Hraðamælingar:** Hraðamælingavagninn er undir umsjón Steina P hjá lögreglunni. Í mælinum er hægt að vista gögn um hraða og fjölda bifreiða. Vagninn virðist vera lítið notaður. Ég mun hafa samband við Steina og biðja hann um að koma á einhverskonar áætlun með reglubundnum hraðamælingum.
- **Umferðapungi:** Í framhaldi af liðum 3 og 4 barst talið að umferð. Mikilvægt að muna að umferðapungi í hverfinu er af okkar völdum. Fáir fullorðnir hjóla, ganga eða taka strætó. Stór hluti morgunumferðar er sennilega vegna þess að foreldrar keyra börn í skólann. Flest börn búa þó það nálægt skólanum að þau gætu þó haldið í sér andanum meðan þau ganga í skólann. Það er til nokkurra ára könnun sem sýndi að 20% allra barna eru keyrð í skólann. Því ekki óraunhæft að ætla að

>50% allra yngri barna séu keyrð í skólann. Hvað veldur og hvað er til ráða? Ein nefndarmanna taldi líklegt að foreldrar keyri börn sín í skólann vegna hræðslu um að foreldrar annarra barna í sömu erindagjörðum keyri á þau! Mín skoðun er sú að þessi keyrsla auki ekki öryggi barna heldur minnki það og sé engum til góðs. Síðuskóli er með grænfánann eins og þig vitið og þess vegna skýtur þessi hegðun en meira skökku við. Ef þið samþykkið þá er ég tilbúinn að tala við skólastjóra fyrir hönd nefndarinnar til að koma af stað einhverskonar aðgerðum að nýju.

- **Sorp:** Það mál er enn í athugun, framtíð sorphirðu og flokkunar er ekki komin á hreint. Það rætist væntanlega úr því með haustinu. Almennt virtust nefndarmenn mjög aftarlega á merinni í þessum málaflokki.
- **Almenn skipulagsmál, frágangur opinna svæða o.s.frv:** Ekkert almennt plan um það. Þó búið að gera upp rauða róló og völlinn efst í hverfinu. Svæðið milli Síðuskóla og Vestursíðu er enn á dagskrá sem byggingarsvæði með leikskóla nyrst, síðan lágri byggð sunnan við og leiksvæði syðst. Hvað sem fólki finnst um þéttingu byggðar þá einn kostur þó sá að gengið er frá svæðinu í leiðinni.

## 5. Rauði róló.

Engin lýsing er komin á leikvöllinn þrátt fyrir síendurtekin loforð frá bænum. Nefndin lýsir yfir miklum vonbrigðum með stöðu mála.

## 6. Hraðamælingar.

Búið er að staðsetja hraðamælingavagninn við Bugðusíðu. Ætlunin er að hann fari næst í Vestursíðu og svo á Austursíðu. Nefndin bíður eftir að niðurstöður berist frá lögreglu um mælingarnar.

## 7. Önnur mál.

- Gunnar Þór hefur tekið að sér að kanna hjá skólastjóra Síðuskóla hvort hægt sé að hrinda af stað átaki um að nemendur velji þann kost að ganga eða hjóla í skólann.
- Elías mun athuga hjá Ölfu Aradóttur hvort áfangaskýrsla félagsmiðstöðva sé komin út og hefur nefndin hug á að kynna sér þá skýrslu til hlítar.
- Hugmynd um að útbúa netfangalista hverfisnefndar þ.a. unnt sé að senda íbúum tölvupóst þegar efni standa til.
- Nefndarmenn ákveða að skiptast á að koma með kræsingar á fundina.
- Fundir nefndarinnar eru 2. miðvikudag í mánuði kl. 20:00 og er því næsti fundur á dagskrá þann 10. október 2007.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið.